

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 17. janúar 2024:

„Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram tillögu um lagfæringu á gangstéttum í Norðurhólum, Hólabergi og Hraunbergi (111 Reykjavík). Gangstéttar þarna í þessum götum eru orðnar mjög illa farna, sprungnar og yfirborð þeirra mjög frostsprungið, gróft og ónýtt. Gangstéttarnar eru á köflum illa gangfærar og beinlínis stórhættulegar yfirferðar á t.d. rafhlaupahjólum. Dæmi eru um að fólk, m.a. börn, hafi dottið og meitt sig vegna þess hvernig þessar stéttar eru orðnar á yfirborðinu. Alvarlegast er ástandið í Norðurhólum frá gatnamótunum við Hólaberg þar sem stéttirnar eru kross sprungnar og aflagaðar. Sama má segja um ástandið fyrir framan húsið að Hólabergi 80. Samhliða lagfæringum á þessum gangstéttum er lagt til að eigendum húsa sem þarna standa verði boðið að tengja snjóbræðslu í bílplönunum sínum út í gangstéttirnar fyrir framan húsin sín á sinn kostnað óski þeir eftir að fá að gera það.“

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

**Umsögn um tillögu:**

Tillögunni hefur verið komið áfram til verkefnastjóra framkvæmda og viðhalds sem mun skoða og meta ástandið. Minni skemmdir verða lagfærðar af starfsmönnum Reykjavíkurborgar en ef um stærri viðgerð er um að ræða verður hún sett á verkefnalista viðgerðaverktaka.

Ennfremur er í undirbúning að framkvæmda ástandsmat göngu- og reiðhjólástíga í Reykjavík. Um er að ræða steiptar og hellulagðar stéttar og malbikaða göngu- og reiðhjólástíga auk malastíga. Ástandsgreining fer þannig fram að göngu og reiðhjólástígum er skipt upp í ástandsflokka eftir sjónskoðun. Í framhaldinu verður gerð framkvæmdaáætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir ástandsflokkuninni og samkvæmt samþykktum fjárheimildum vegna endurnýjunar og viðhalds á göngu- og reiðhjólástígum.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri

Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík